

Nd. **179. Frumvarp til laga** [94. mál]
um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Ingi R. Helgason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Nýr stafliður (f) bætist aftan við 1. mgr. 31. gr. laganna, svo hljóðandi:
f. Íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni, og orðið er 16 ára.

2. gr.

Ný málsgrein kemur á eftir 5. mgr. 40. gr. laganna, svo hljóðandi:
Íþróttafélög greiða $\frac{1}{4}$ af iðgjöldum fyrir íþróttafólk, en ríkissjóður $\frac{3}{4}$. Nánari ákvæði um slysatryggingar íþróttafólks og skiptingu iðgjalda skulu sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á Alþingi árið 1946 af Hermanni Guðmundssyni. Það náði þá ekki fram að ganga.

Árið 1961 fluttum við frumvarpið nokkuð breytt, og heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar lagði til, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Nefndin varð sammála um, að þörf væri á, að íþróttafólk væri örugglega tryggt, en með því að verið var þá að endurskoða lög um almannatryggingar, féllust allir nefndarmenn á að fara þess á leit við félagsmálaráðherra, að hann legði fyrir þá, sem að lagaendurskoðuninni unnu, að gera einnig tillögur um slysatryggingar íþróttafólks. Ungmennafélag Íslands og Íþróttasamband Íslands mæltu með því, að frumvarpið yrði samþykkt. Neðri deild afgreiddi málið með rökstuddri dagskrá í trausti á félagsmálaráðherra.

Í lagafrumvarpinu um almannatryggingar 1962 var hins vegar ekki lagt til, að slysatryggingar íþróttafólks féllu undir almannatryggingarnar sem skyldutryggingar, og engin breytingartillaga í þá átt var þá borin fram, svo að málið var jafnóleyst eftir sem áður.

Baráttan fyrir þessum sjálfsögðu réttindum íþróttafólks hefur þannig staðið í læpa tvo áratugi.

Það hefur verið um langt árabil mikið áhyggjuefni íþróttafólki og forustumönnum íþróttasamtakanna að geta ekki komið á fót fullkominni slysatryggingu fyrir íþróttafólk, og vegna lítills skilnings Alþingis á þessu brýna máli samþykkti íþróttahing Í. S. Í. 1961 og 1962 að koma sér upp slysatryggingarsjóði af eigin rammleik til að reyna að binda endi á það öryggisleysi, sem íþróttafólk íslenskt býr við.

Í lögum um almannatryggingar var 1956 sett heimildarákvæði um slysatryggingar íþróttafólks undir hinum frjálsu tryggingum Tryggingastofnunarinnar, og þau ákvæði voru óbreytt 1962. Hins vegar hafa íþróttasamtökin ekki treyst sér af fjárhagsástæðum að taka kjörum Tryggingastofnunarinnar um hinar frjálsu slysatryggingar íþróttafólks, heldur ákveðið að stofna eigin slysatryggingarsjóð, sem þó hersýnilega getur ekki fullnægt nema hluta af tryggingarþörfinni og tekur auk þess mörg ár að byggja hann upp.

Það er með öllu ósæmandi, að íþróttafólk á Íslandi skuli ekki búa við fullkomnar slysatryggingar, og flutningsmenn þessa frumvarps eru þeirrar skoðunar, að ríkissjóður verði að leysa þann fjárhagsvanda, sem hefur verið því til hindrunar til þessa. Er því hér lagt til, að ríkissjóður greiði $\frac{3}{4}$ af iðgjöldum á móti fjórðungi frá íþróttasamtökunum, enda verði tryggingarnar sambærilegar við venjulegar tryggingar launþega, þ. e. til greiðslu sjúkrakostnaðar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir sérstakri reglugerð um slysatryggingar íþróttafólks og um iðgjaldagreiðslur og skiptingu þeirra.

Fylgiskjal I.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 8. marz 1962.

Samkvæmt ósk yðar hefur stjórn Ungmennafélags Íslands kynnt sér frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar.

Stjórn U. M. F. Í. leyfir sér að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst.

F. h. stjórnar Ungmennafélags Íslands,

Skúli Þorsteinsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar Alþingis.

Fylgiskjal II.

ÍÞRÓTTASAMBAND ÍSLANDS (ÍSí)

Reykjavík, 6. febr. 1962.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis;
hr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
Reykjavík.

Vér höfum athugað frumvarp það, er þér senduð oss til umsagnar (um breytingu á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar) og snertir slysatryggingu íþróttamanna.

Eftir að oss hefur borizt hjálagt álit slysatrygginganefndar Í. S. Í., var samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar Í. S. Í. 6. febr. s. l. að mæla með samþykkt nefnds frumvarps.

Virðingarfyllst.

F. h. Íþróttasambands Íslands,

Ben. G. Waage,
forseti Í. S. Í.

Reykjavík, 15. jan. 1962.

Framkvæmdastjórn Í. S. Í. hefur farið þess á leit við slysatrygginganefnd þá, sem skipuð var samkvæmt samþykkt íþróttapings Í. S. Í., 1959, að hún veiti umsögn sína um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, en frumvarpið, sem er lagt fram af alþingismönnum Inga R. Helgasyni og Geir Gunnarssyni, gerir ráð fyrir, að íþróttafólk, 16 ára og eldra, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, verði skyldutryggt hjá slysatryggingum almannatrygginga með sama hætti og launþegar. Í þessu sambandi vill nefndin taka fram eftirfarandi:

Með tilliti til þess, að slysatrygging íþróttamanna hefur um langt skeið verið baráttu- og hagsmunamál Í. S. Í., svo og hins, að áður hefur verið reynt að koma fyrir slysatryggingamálum íþróttamanna með sama hætti og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að því viðbættu, að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði mikinn hluta útgjalda þeirra, sem skyldutrygging mundi hafa í för með sér, telur nefndin eðlilegt og sjálfsagt frá hagsmunasjónarmiði Í. S. Í., að sambandið mæli með samþykkt frumvarpsins.

Til skýringar fyrir þá, sem ókunnir eru slysatryggingamálum íþróttamanna, telur nefndin rétt að taka fram, að eins og þau mál standa nú, er nokkur munur á aðstöðu í Reykjavík og á Akranesi annars vegar og á öðrum stöðum á landinu hins vegar. Á tveimur fyrstnefndu stöðunum eru starfandi slysatryggingasjóðir íþróttamanna, og hafa þeir alltraustan fjárhagsgrundvöll, þar sem er hluti af inngangseyri að íþróttamótum.

Bætur verða að teljast mjög takmarkaðar að því leyti, að örorku- og dánarbætur greiðast ekki, en hins vegar eru dagpeningar greiddir fyrir mörg slys, sem vegna biðtímaákvæða mundu ekki verða bætt hjá almannatryggingum.

Utan framangreindra tveggja staða getur óvíða orðið um nokkra teljandi stöð að ræða af þeirri tekjuöflunarleið, sem þar er farin.

Þrátt fyrir allmikið undirbúningsstarf að stofnun slysatryggingasjóðs Í. S. Í. fyrir íþróttamenn, ekki sízt á undanförunum tveim árum, hefur slíkur sjóður ekki komin í framkvæmd enn, hvað sem síðar verður, og má fullyrða, að það sé af fjárhagsástæðum.

Slysatrygginganefnd Í. S. Í.,

Guðjón Hansen, form.

Hannes Þ. Sigurðsson.

Hermann Guðmundsson.

Fylgiskjal III.

Nefndarálit heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nefndin hefur rætt málið á tveimur fundum og sendi það til umsagnar þremur aðilum, Tryggingastofnun ríkisins, Íþróttasambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands.

Tryggingastofnunin viðurkennir fyllilega þörf þess, að allir íþróttamenn séu tryggðir, en lætur í ljós, að frjáls trygging gæti einnig komið til greina.

Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands mæla fastlega með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndin er sammála um, að þörf sé á, að íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni, sé örugglega tryggt, en þó fékkst ekki samkomulag um að mæla með samþykkt frumvarpsins að þessu sinni.

Upplýst var, að nefnd starfaði að endurskoðun tryggingalaganna, og féllust allir nefndarmenn á að fara þess á leit við hæstvirtan félagsmálaráðherra, að hann riti nefndinni bréf og leggi fyrir hana að gera einnig tillögur um slysatryggingu íþróttafólks.

Með tilliti til framanritaðs leggur nefndin til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að félagsmálaráðherra riti nefnd þeirri, er nú vinnur að endurskoðun vissra atriða í tryggingalöggjöfinni, og leggi fyrir hana að taka einnig til athugunar og gera tillögur um slysatryggingar íþróttafólks, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Fylgiskjal IV.

Athugasemdir stjórnskipaðrar nefndar, er undirbjó lagafrumvarpið um almannatryggingar, sem lagt var fyrir 83. löggjafarþingið 1962—3 og varð að lögum:

4. Frumvarp um slysatryggingu íþróttamanna, flutt af Inga R. Helgasyni og Geir Gunnarssyni. Í frumvarpi þessu var gert ráð fyrir, að íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum og orðið er 16 ára, skuli slysatryggt hjá almannatryggingum á sama hátt og launþegar, og skyldu íþróttafélög greiða $\frac{1}{4}$ af iðgjöldum, en ríkissjóður $\frac{3}{4}$. Alþingi afgreiddi frumvarpið með svofelldri rökstuddri dagskrá: „Í trausti þess, að félagsmálaráðherra riti nefnd þeirri, er nú vinnur að endurskoðun vissra atriða í tryggingalöggjöfinni, og leggi fyrir hana að taka einnig til athugunar og gera tillögur um slysatryggingar íþróttafólks, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Slysatrygging íþróttamanna hefur um langt skeið verið meðal baráttumála íþróttasamtakanna, og hún hefur áður verið rædd við endurskoðun almannatryggingalaga. Í 42. gr. laganna frá 1956 er kveðið svo á, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að taka að sér slysatryggingu íþróttamanna við keppni og æfingar. Má í því sambandi geta þess, að fyrir rúmum tveimur árum gerði Tryggingastofnunin Íþróttasambandi Íslands að beiðni þess tilboð um tryggingu allra iðkenda innan Í. S. Í. Tilboði þessu var ekki tekið, og munu fjárhagslegir örðugleikar hafa valdið, svo og hitt, að Í. S. Í. mun hafa haft í hyggju að koma á fót eigin slysatryggingasjóði.

Í Reykjavík hefur um nokkurra ára skeið starfað slysatryggingasjóður á vegum íþróttahreyfingarinnar, enda hefur þar verið fundinn fjárhagslegur grundvöllur fyrir slíkan sjóð. Í. S. Í. hefur beitt sér fyrir stofnun tilsvarendi sjóðs vegna íþróttamanna utan Reykjavíkur, en málið er þar örðugra viðfangs af fjárhagslegum ástæðum.

Af framanrituðu virðist ljóst, að hér sé um að ræða vandamál fjárhagslegs eðlis. Ef lausn fengist á þeim, telur nefndin af ýmsum ástæðum heppilegra, að aukið verði og bætt bótakerfi slysatryggingasjóða íþróttamanna sjálfra í stað þess að taka upp ákvæði í almannatryggingalögin um skyldutryggingu þeirra. Hefur hún því ekki gert tillögur um efnisbreytingu á lögnum að þessu leyti.